

FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

2. tbl. 19. árgangur



FYRIKOMULAG KENNSLU Í ÁSLANDSSKÓLA Í LJÓSI AÐSTÆÐNA Í ÞJÓÐFÉLAGINU

Skólastjórnendur hafa síðustu daga unnið að skipulagi skólastarfs vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í okkar samfélagi. Starfsfólk

vinnur í dag að útfærslum í sínum árgöngum og faggreinum. Húsnæði skólans hefur verið skipt upp í kennsluhólf og hefur hver starfsmaður fengið úthlutað kennsluvæði til að starfa á næstu vikur. Þannig fara starfsmenn ekki á milli hólfna á meðan þetta fyrirkomulag stendur yfir.

Skóladagurinn í Áslandsskóla verður með þessum hætti:

Nemendur í 5.-7. bekk fá kennslu í klukkustund (8.10-9.10 og 9.30-10.30) hjá umsjónarkennara

sínum. Bekkjum er skipt í tvennt, (út frá stafrófsröð nemenda) og fylgir nafnalisti með þessu bréfi. Hóparnir eiga ekki að hittast þegar einn hópur fer heim og annar kemur í skólann.

Ákveðin hreinsun fer fram í 20-30 mín. hléi.

Hver nemandi mætir því í eina klukkustund á dag.

Deildarstjóri mun afhenda nemendum ávöxt við útgang þegar farið er heim úr skóla.

Nemendur í þessum árgöngum ganga inn um aðalanddyri skólans og mun deildarstjóri opna og hleypa þeim inn skömmu áður en kennsla á að hefjast.

Nemendur í 8.-10. bekk fá kennslu í klukkustund (9.15-10.15 og 10.45-11.45) hjá umsjónarkennara

sínum. Bekkjum er skipt í tvennt, (út frá stafrófsröð nemenda) og fylgir nafnalisti með þessu bréfi. Hóparnir eiga ekki að hittast þegar einn hópur fer heim og annar kemur í skólann.

Ákveðin hreinsun fer fram í 20-30 mín. hléi.

Hver nemandi mætir því í eina klukkustund á dag.

Deildarstjóri mun afhenda nemendum ávöxt við útgang þegar farið er heim úr skóla.

Nemendur í þessum árgöngum ganga inn um anddyri unglinda-deildar skólans og mun deildarstjóri opna og hleypa þeim inn skömmu áður en kennsla á að hefjast.

Nemendur í 1.-4. bekk fá kennslu frá kl. 11.30-13.20 hjá umsjónarkennara sínum.

Nemendur í þessum árgöngum ganga inn um anddyri yngri deildar skólans og mun deildarstjóri opna og hleypa þeim inn skömmu áður en kennsla á að hefjast. Umsjónarkennarar nemenda í færanlegum kennslustofum munu hleypa þeim þar inn skömmu áður en kennsla skal hefjast.

Í upphafi fá nemendur hádegisverð í stofu. Eftir það eru nemendur áfram í stofunni þar sem starfsemi frístundaheimilis tekur við – fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir nú þegar.

Frístundaheimili lokar kl. 15 og nemendur fara heim og er hleypt sér út í hverri stofu þannig að hópar hittast ekki í skólahúsnæðinu.

Matsalur skólans mun loka og nemendur mega ekki koma með nesti með sér í skólann, það á einnig við um vatnsbrúsa. Allir munu fá mat/nesti í skóla í samræmi við viðverutíma sinn og matast í kennslustofum.

Frístundaheimilið Trölllaheimar mun starfa fyrir þá nemendur í 1.-2. bekk sem þar eru nú þegar skráðir en það verður einnig með skerta starfsemi. Sú starfsemi mun fara fram í heimastofum 1.-2. bekk. Frístundaheimili lokar kl. 15 og nemendur fara heim og er hleypt sér út í hverri stofu þannig að hópar hittast ekki í skólahúsnæðinu.

Foreldrar tilkynna um veikindi og leyfi eins og venjulega er og skrá það sjálfir í Mentor. Alltaf skal velja skráningu fyrir heilan dag og því ekki einstaka tíma innan hvers dags. Ef í einhverjum tilvikum er um langtíma veikindi að ræða sem eru ljós í dag, vegna sérstakra aðstæðna hjá barni, skal það tilkynnt sérstaklega til skóla með tölvupósti.

Foreldrum er óheimilt að koma inn í skólabygginguna meðan á samkomubanni stendur. Vinsamlega virðið það.

Við þökkum ykkur fyrirfram fyrir skilning á þessum fordæmalausum aðstæðum sem kalla á þessa framkvæmd og væntum góðs samstarfs milli skóla og heimilis við þessar sérstöku aðstæður.